

Umsókn um Leonardo styrk til símenntunar innan byggingageirans. Greinargerð:

Arkitektafélag Íslands sendi út beiðni til félagsmanna sinna í byrjun febrúar þar sem óskað var eftir sjálfboðaliðum til að endurgera umsókn, sem árið áður hafði verið send Landsskrifstofu Leonardo, símenntunarsjóðs Evrópusambandsins. Styrkur hafði þá ekki fengist, en fyrir lá gagnrýni á veika liði hennar. Umsóknin var í samstarfi við og í nafni Endurmenntunar Háskóla Íslands og var sótt um styrk til að þýða og staðfæra kennslufni um vistvænar byggingar, efni og vinnubrögð í íslenskum byggingariðnaði sem og skipulags og samgöngumál. Í þessum málaflokki erum við töluvert á eftir öðrum þjóðum, höfum ekki þurft að huga eins að orkusparnaði eða mengun sem aðrir og í hraða velmektaráranna gleymt að sinna þessum þætti. Sem snýr jú ekki aðeins að notkun vistvænna efni og endurnýtingu, sparnaði og nýtni heldur og að vinnuvernd og virðingu fyrir umhverfinu. Tilgangur verkefnisins er að læra af nágrannaþjóðum/efnisöflun og fá hingað erlenda kennara og fræðimenn til námskeiðahalds, sá fræjum þekkingar sem innlendir aðilar gætu haldið lifandi ár eftir ár, bætt við í þekkingarbankann og miðlað til sérfræðinga sem iðnaðarmanna. Um 20 arkitektar lýstu sig áhugasama um að koma að vinnu um málefnið en 4 reiðubúnir til að vinna umsóknina, sem sýndi sig að vera gífurlega umfangsmikil vinna og margfalt meiri en þáttakendur bjuggust við í byrjun. Þessir aðilar eru;

Sara Axelsdóttir, Anna Sigríður Jóhannesdóttir, Guðmundur Gunnlaugsson og Magnús Jensson, arkitektar.

Þeir aðilar sem unnu umsókn síðasta árs leiddu inn í verkefnið, en treystu sér ekki til að taka þátt í vinnunni þetta árið vegna tímaskorts. Við runnum því töluvert blint í sjóinn en sáum strax að framundan var mikil vinna, umsóknin er rúmlega 80 blaðsíður á erfiðri ensku, þar af tíma og fjárlagaáætlanir, sem mjög þarf að vanda og samræma, en verkefnið spannar tvö ár ef styrkur fæst.

Þá þurfti að leita samstarfsaðila, bæði innan fræðslugeirans til að móta og staðfæra efnið og miðla þekkingunni í framtíðinni. Ákveðið var að kennsluaðilar yrðu 3 hér á Íslandi; þe:

1. Endurmenntun Háskóla Íslands; símenntun innan háskólastétta.
2. Tækniskóli Íslands, sem sæi um kennslu iðnnema og
3. Iðan fræðslusetur sem sæi um símenntun iðnaðarmanna og almennings.
4. Arkitektafélag Íslands yrði síðan samræmingaraðili.
5. Þá var leitað til Listaháskóla Íslands sem og Landbúnaðar háskólans á Hvanneyri og eru þeir aðilar mjög áhugasamir um kennslu í vistvænum fræðum en eftir að móta fjárhagslegan grunn eða möguleika á að koma efninu á námsskrá í þessum skólum.

En fyrst var að leita í þekkingarbrunna erlendis en krafa er gerð um það frá hendi sjóðsins að um samstrfsverkefni sé að ræða sem unnið sé af þáttakendum frá allavega 3 löndum. Við völdum þessa:

1. Sbi; Statens byggeforskningsinstitut í Hörsholm í Danmörku, kontaktaðili Harpa Birgisdóttir, doktor í umhverfisverkfræði.
 2. AA, Akademisk arkitektforening í Kaupmannahöfn, kontaktaðili Annette Blegvad.
 3. Geenex í Skotlandi, verkfræðistofa með mikla reynslu í Bream vottunarkerfinu, kontaktaðili John Spencer.
- Allir þessir aðilar skrifuðu “Letter of intent” þe um ásetning sinn um að vera virkir þáttakendur og umsækjendur um styrkinn.

Nauðsynlegt var að heimsækja dönsku aðilana og fékkst frá Landsskrifstofunni 2000 EUR ferðastyrkur og fóru til Kaupmannahafnar þau Sara, Guðmundur og Magnús til fundar við SBI og AA. Voru þeir fundir mjög gagnlegir sem og vinna sú sem fór fram þá 4 daga sem ferðin tók.

Þá var leitað til mikils fjölda innlendra aðila til að veita umsókninni málefnalegan stuðning og var brugðist vel við og

bárust fjöldi meðmæla “Letters of support” sem við þökkum af alhug; þeir eru:

Umhverfisráðuneytið.

Skipulagsstofnun Ríkisins

Skipulags og byggingarsvið Reykjavíkurborgar, bæði frá Ólöfu Örvars og Magnúsi Sædal.

Nýsköpunarmiðstöð Íslands, áður Rannsóknarstofnun byggingariðndarins.

Framkvæmdasýsla Ríkisins.

Siðfræðistofnun Háskóla Íslands

Samtök um vistvæna byggð.

Þá var ómetanleg aðstoð hins góða starfsliðs Leonardo skrifstofunnar, þeirra Maríu Kristínar, Margrétar Sverrisdóttur og Andrésar fjármálastjóra við ráð, framsetningu of fjárlagagerð umsóknarinnar. Kunnum við þeim miklar þakkir fyrir, sem og starfsfólki Endurmenntunar sem sá um ljósritun. Og eftir mikla vinnu, síðast nætur og daga tókst að skila umsókninni á réttum tíma eða 27. febrúar og var það öllum mikill léttir. Hlaut vinnan lof Landsskrifstofunnar fyrir að vera fagmannleg og vænleg til árangurs. Og nú í ágúst hefur sú ánægjulega frétt borist frá Brussel að verkefnið hefur hlotið brautargengi, veittar voru 166.000 Eur. og mun vinnan hefjast 1. okt. Verkefnistjóra staða er auglýst laus til umsóknar í fjölmiðlum nk. Laugardag. Er það von vinnuhópsins að nú náist öflug samvinna félagsmanna, kennsluefnið verði sem glæsilegast og að þetta spennandi verkefni megi verða okkur hvatning á erfiðum tímum.

Guðmundur, Anna Sigga, Sara og Magnús.